

LISTIR

Aðventu- og minningartónleikar

KÓR Öldutúnsskóla heldur aðventu- og minningartónleika í Víðistaðakirkju þriðjudaginn 10. desember kl. 20. Þar kemur kórinn fram í þremur hópum með á annað hundrað kórfélögum auk gesta. Efnisskráin er fjölbreytt en þar má finna fjölda laga, innlendra og erlendra.

Gestir kórsins á þessum tónleikum eru söngkonurnar Hanna Björk Guðjónsdóttir og Margrét Pálmadóttir en þær eru báðar fyrrverandi kórfélagar.

Tónleikarnir eru helgaðir minningu Berglindar Bjarnadóttur, en þann 10. desember eru liðin rétt 10 ár frá andláti hennar. Berglind var ein af stofnendum kórs Öldutúnsskóla 1965 og fyrsti einsöngvari hans. Hún lét mjög að sér kveða á fyrstu mótunarárnum kórsins og starfaði þar af miklum dugnaði allt til ársins 1974.

Stofnandi og stjórnandi Kórs Öldutúnsskóla er Egill Friðleifsson.



KÓR Öldutúnsskóla heldur aðventu- og minningartónleika í Víðistaðakirkju á þriðjudag.

Nýtt tímarit

● **HAUSTHEFTI Skírnis, 170. árgangs**, er að þessu sinni með rómantísku ívafi. Þórir Óskarsson skrifar grein um hugtakið rómantik í íslenski bókmenntasögu 19. aldar, Sigríður Albertsdóttir, fjallar um ásjónur ástarinnar í nýrómantískum ljóðum Davíð Stefánssonar og Klaus Böðl ræðir um rómantísku túlkun þjóðverja á íslenskum Eddum og áhrif hennar á Niflungahring Richards Wagners. Davíð E. Erlingsson á í heftinu grein um sannleikagerð frásagna í ljósi Göngu-Hrólfs sögu, Ármann Jakobsson sýnir fram á mikilvægi Hallberu í Urðarseli fyrir skilning á Sjálfstæðu fólki og Guðrún Björk Guðsteinsdóttir fjallar um lífsskoðun og skáldskap vestur-íslenska skáldsins Stephans G. Stephanssonar. Þá er birt þýðing Geirs Sigurðssonar á Sögu mannkyns eftir ítalska heimspekinginn Giacomo Leopardi.



Þórir Óskarsson

Í Skírnismálum fjallar Jón Sigurðsson um þróun háskólamála hér á landi og heimspekingarnir Kristján Kristjánsson og Mikael M. Karlsson skiptast á skoðunum um lauslæti. Þeir Eiríkur Guðmundsson og Lars Lönnroth skrifa greinar um bækur. Skáld Skírnis að þessu sinni eru Elísabet Kristín Jökulsdóttir og eru birt eftir hana þrjú ljóð. Myndlistarmaður Skírnis er Magnús Pálsson. Ólafur Gíslason fjallar um verk eftir Magnús.


Ritstjórar Skírnis eru Jón Karl Helgason og Róbert H. Haraldsson.

Nýjar bækur

● **BRÚDUHÚSIÐ** er spennusaga eftir **Evelyn Anthony**. Þetta er önnur bók þessa breska metsöluhöfundar sem Vaka-Helgafell gefur út en í fyrria kom út bókinn Uppljóstrun. „Í kynningu segir: „Rósa Bennet er einn efnilegasti starfsmaður bresku leyniþjónustunnar. Hún er að jafna sig eftir skilnað þegar henni er falið að gera venjubundna athugun á einum af fyrrverandi njósnurum hennar háttignar, Harry Oakham. Kalda stríðinu er lokið og Oakham farinn að reka hótel úti í sveit, Hótel Brúduhúsið. Þar skrífir Rósa sig inn sem gestur.“

Útgefandi er Vaka-Helgafell. Bókin er 288 bls. að lengd. Þorbergur Þórsson þýddi en kápan var hönnuð hjá Vöku-Helgafelli. Bókin var prentuð í Portugal. Leiðbeinandi verð 2.480 kr.

● **VÍSNA GAMAN og vinamál** er eftir **Hörð Zóphaniasson**. Það er skátáfélagið Hraunbúar, St. Georrgsgildin á Íslandi og Bandalag íslenskra skáta sem standa að útgáfunni, en Hörður hefur samið mikinn fjölda ljóða og söngtexta fyrir skátahreyfinguna.



Hörður Zóphaniasson

Bókin skiptist í þrjú kafla sem nefnast: Úr ýmsum áttum, Fjölskyldan og Skátastarfið. Í fyrsta kaflanum má finna ljóð af ýmsu tagi, tækifærisljóð, sættjardarljóð, ljóð trúarlegs eðlis og afmælisljóð. Annan kaflann hefur Hörður tileinkað fjölskyldu sinni. Þriðja kaflann tileinkar Hörður skátastarfinu. Flest þeirra ljóða eru samin við sönglög en einnig má finna bálbænar og tækifærisljóð.

„Bókin er létt aflestrar þar sem fjölbreytileikinn er mikill, saman fer léttleikinn og erfiðu stundirnar, rétt eins og í lífinu sjálfu,“ segir í kynningu. Útgefandi er Bandalag íslenskra skáta. Bókin geymir 223 ljóð á 224 síðum. Myndskreytingar gerði María Krista Hreiðarsdóttir. Hönnunarskipti vann bókina og Prentbær prentaði.

Gjafir og góð kaup

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MÁLVERK O.F.L.

Ný aðföng Listasafns Reykjavíkur 1991-96. Opð kl. 10-18 alla daga til 22. desember. Aðgangur 300 kr; sýningarskrá 200 kr.



Morgunblaðið/Golli

VALGERÐUR Guðlaugsdóttir. Rauða serian. VII.

kosningaundirbúningi því vafasama markmiði að hlutur kvenna þyrfti að aukast í innkaupum listaverka. Af þeim listum yfir aðföng sem fylgir sýningunni nú verður þó ekki séð að hér hafi orðið afgerandi breyting, og er það vel. Má af þessu helst ráða tvennt; að hlutur listakvenna hafi verið og sé enn góður hvað varðar innkaup listaverka, og að framkvæmdin sé viðurkenning á að í raun sé rangt að líta á þennan málaflokk út frá þróngum kynjahlutföllum – gæði listarinnar hljóti að ráða.

Sýningunni má í grófum dráttum skipta í þrjú hluta. Í vestursal og á vesturgangi eru einkum verk sem gefa nokkra yfirsýn yfir það sem hefur verið að gerjast í íslenski myndlist á síðustu árum, í miðrymi eru gjafaverk eftir erlenda listamenn sem og nokkur verk Stefáns Jónssonar (Stórvals), og í austursal eru verk sem fylla enn betur en áður inn í þá mynd, sem safnið í heild gefur af ýmsum tímabilum í sögu myndlistar á Íslandi.

Þessi skipting tekst ágætlega svo langt sem hún nær, enda getur sýningin aðeins gefið örlitla mynd af þeim mikla fjölda verka, sem safnið hefur eignast. Flestir munu eflaust dveljast í vestursalnum, þar sem er

að finna mörg skemmtileg listaverk yngri listamanna, en vert er að benda á að í austursal eru einnig ýmsir gullmolar, sem eflaust eiga eftir að njóta sín enn betur í samhengi sér-tækari sýninga.

Hér er ekki ástæða til að ræða einstök verk eða listamenn, enda eru verkin vel á annað hundrað og listafólkið skiptir tugum. Hér er mikilvægast að nefna að nær allt sem hér getur að líta virðist falla vel að heildinni; verkin eiga erindi í sínu samhengi og eru fullgildur hluti af list-sköpun sinnar samtíðar. Allt listrænt mat umfram það hlýtur að bíða sögunnar.

Samhliða sýningunni fer fram kynning á því merka starfi sem er unnið í safnakennslu undir handleiðslu starfsfólks safnsins. Safnakennslan hefur nokkur undanfarin ár án efa skilað meiru en flest annað í auknum myndlistaráhuga og ánægju skólanemenda sem og annarra, sem hafa notið leiðsagnar safnakennara á listsýningum á hverjum tíma. Er rétt að hvetja fólk til að kynna sér þessa þjónustu og nýta hana eftir föngum til að njóta sem best þeirra sýninga, sem þannig eru kynntar.

Eiríkur Þorláksson

ÞAÐ er bundið í lög um Listasafn Íslands að eitt meginhlutverk þess sé að eignast og varðveita myndlist með skipulegum hætti, og Listasafn Reykjavíkur sinnir sömu skyldum í samræmi við starfsreglur, sem borgaryfirvöld setja því. Vegna þessa er athyglisvert að fá með nokkurra ára bili tækifæri til að sjá hvernig söfnin gegna þessum skyldum sínum, þ.e. hvað þau hafa eignast af listaverkum og með hvaða hætti þau verk gefa nokkra mynd af þróun myndlistarinnar.

Sýningin á nýjum listaverkum sem Listasafn Reykjavíkur hefur eignast á síðustu fimm árum fyllir allt sýningarrými Kjarvalsstaða, og er þá aðeins kominn lítil hluti þess sem safninu hefur áskotnast á þessu tímabili. Samkvæmt orðum Guðrúnar Jónsdóttur formanns menningar-málanefndar Reykjavíkurborgar í formála aðfangaskrár hefur safnið vaxið um tæplega tvö þúsund listaverk á þessu tímabili, og munar þar mest um stórmannlega gjöf Guðrúnar Nielsen á rúmlega níu hundruð teikningum eftir Alfréð Flóka. Í skránni er einnig áhættulegt að sjá að listaverkaeign safnsins vex ekki aðeins fyrir innkaup, heldur ekki síður fyrir gjafir ýmissa aðila, bæði innlendra og erlendra, og er listafólk- ið sjálft þar framarlega í flokki. Er ánægjulegt að sjá með þessum hætti þá velvild, sem safnið nýtur í raun hjá breiðum hópi listunnenda.

Fyrir tveimur árum urði skipti á yfirstjórn Reykjavíkurborgar og þar með menningarmálanefnd. Núverandi meirihluti lýsti m.a. í sínum

Leikrit byggt á ljóðum Tómasar

LEIKRIT Karls Ágústis Úlfssonar, Fagra veröld, verður frumsýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins 11. janúar næstkomandi, á 100 ára afmæli Leikfélags Reykjavíkur.

Fagra veröld er leikrit byggt á ljóðum Tómasar Guðmundssonar með tónlist eftir Gunnar Reyni Sveinsson.

Um Tómas segir í kynningu: „Orðsnilld hans, margþætt skírskotun sem ljóð hans höfðu og makalaus frumleiki í meðferð málsins hitti Ís-lendinga í hjartastað. Og á meðan önnur skáld og talsverður hluti þjóðarinnar lýstu af bölmóði og vandlætingu siðspillingunni í höfuðborg landsins og hörnuðu fólksflóttann úr blómlegum og óspilltum sveitunum, gerði Tómas hina undarlegu „stórborg“ Reykjavík spennandi, rómantíska og fjörmikla, gerði hana að borg æsku og ásta.“

Meðal leikara eru Ásta Arnardóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Björn Ingi Hilmarsson, Ellert A. Ingimundarson, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir, Hinrik Ólafsson, Jóhanna Jónas, Jón Hjartarson, Kjartan Guðjónsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, María Ellingsen, Pétur Einarsson, Sóley Elíasdóttir, Theódór Júlíusson og Þórhallur Gunnarsson.

Söngstjóri er Jóhanna V. Þórhallsdóttir söngkona. Lýsing er í höndum Lárusar Björnssonar. Leikmynd og búninga sér Sigurjón Jóhannsson um og leikstjóri er Brynja Benediktsdóttir.



Tómas Guðmundsson

Bók um Vatnajökul

ÚT ER komin bók Vatnajökull – frost og funi eftir Ara Trausta Guðmundsson og Ragnar Th. Sigurðsson.

Í bókinni eru um 50 ljósmyndir og texti, sem skýra frá undraheimi Vatnajökuls. Fjallað er um nýliðið gos og hlaupið í kjölfar þess, sagt frá öðrum eldstöðvum og jarðhitasvæðum í jöklinum. Einnig er sagt frá framhlaupum skriðjökla í vestanverðum Vatnajökli fyrir fáeinum árum og vísað til vegar í þjóðgarðinum í Skaftafelli.

Höfundar gefa bókina út sjálfir í íslenskri og enskri útgáfu. Bókin er 48 síður, 24x26 sm, og unnin í Prentsmiðjunni Odda hf. Verð: íslensk útgáfa 1.900 krónur og ensk 2.075 krónur.



Morgunblaðið/Ásdís

HÖFUNDARNIR Ari Trausti Guðmundsson og Ragnar Th. Sigurðsson við ísjaka, sem hlaupið bar úr Skeiðarárjökli og fluttur var til Reykjavíkur m.a. í tilefni af útkomu bókar þeirra.

Klassís

W.A. MOZART
Gran partita
Blásaraserenada
Mozarts-Kv 361.
Nú er þessi falllega tónlist loks fánleg með íslenskum flytjendum.

MUSICA ANTIQUA

Fjögur hundruð ára veraldlegir söngvar Musica Antiqua eru fluttir á upp-runaleg hljóðfæri. Söngvarar eru Marta Hall-dórsdóttir og Sverrir Guðjónsson.

ÍSDISKAR

Vandud tónlist í flutnings fagfólks